

Mannréttinda, nýsköpunar- og lýðræðisráð 8. apríl 2021:Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um Gróðurhús - R21040037

Fyrirspurnir fulltrúa Flokks fólksins um Gróðurhúsið: Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvað Gróðurhús þjónustu- og nýsköpunarsviðs hefur kostað frá upphafi - laun, námskeiðshald, kostnaður við leigu á húsnæði, veitingum eða öðru ef um slíkt hefur verið að ræða? Hver er kostnaðurinn vegna húsnæðis, bæklinga, grafískrar hönnunar og kynninga ýmiss konar sem og kostnaður við að setja upp og halda úti sérstakri vefsíðu og / eða upplýsingagátt tileinkaðri þessu Gróðurhúsi? Hver er óbeinn kostnaður borgarinnar vegna ýmisskonar viðtala og kynninga sem starfsfólk Gróðurhússins hefur verið í, á sínum vinnutíma vegna auglýsinga á þessu Gróðurhúsi hjá óskyldum aðilum utan borgarinnar? Hvaða lausnir, vörur eða aðrar áþreifanlegar afurðir fyrir borgarbúa sem hafa ekki verið til áður - hafa komið út úr Gróðurhúsinu og í notkun, frá því að þessi tilraunasmiðja fór í gang?